

# 'Frsskýrsla 2009



## Héraðssamband Þingeyinga

Ársþing 2010

## Skýrsla stjórnar

Árið 2009 fór mikið af orku og tíma starfsmans og formans í að ganga frá samningum við sveitarfélögin á sambandssvæðinu um fjárframlag þeirra til HSP. Því svo óheppilega vildi til að sama ár og samböndin sameinuðust var starfsemi Héraðsnefndar Þingeyinga lögð niður en í gegnum hana höfðu bessar fjárveitingar runnið í áratugi. En nú er þessum samningum að mestu lokið þannig að rekstragrundvöllur sambandsins á að vera tryggður a.m.k. næstu þrjú árin. Því er ekki að leyna að þetta fjármálavafstur hefur sett sinn svip á starf sambandsins undanfarin ár og hægði mjög á sameiningarferlinu þar sem sú orka sem annars hefði átt að fara í að móta stefnu til framtíðar fór í slagsmál við dráttarvexti og yfirdrátt. Mikilvægt er að forðast að lenda í þeim drullupytti aftur. Og nú er lag fyrir viðtakandi stjórnarmenn og aðra þá sem í hreifingunni starfa á héraðsvísu að gefa sér tíma til að móta hið félagslega starf.

Á síðasta ársþingi var samþykkt tillaga um að stjórnin stæði fyrir formannafundi til að ræða framtíð og starfsramma sérgreinaráða sambandsins. Skemmt er frá því að greina að þetta gerði stjórnin ekki og skal hér beðist afsökunar á því. Hinsvegar tók stjórnarmaðurinn Svandís Sverrisdóttir að sér að kynna sér þessi mál og og lagði síðan tillögur sínar fyrir stjórnarfund sem yfirför þær og gerði að sínum voru þær sendar út til formanna félaga í aðdraganda þessa þings og eru í raun eitt megin umfjöllunarefr i þingsins. Mikilvægt er að fólk gefi sér góðan tíma til að skoða þessi mál og kannski er hér frekar um að ræða ferli en eina lokaákvörðun. Er það von míni að um skipan þessarra mála geti náðst sátt sem auðveldar þeim sem starfa að málenfnum sambandsins vinnuna.

Gunnar Sigfússon og Soffía Björnsdóttir tóku að sér að fara yfir lög sambandsins með tilliti til breytinga á þeim og lögðu breytingartillögur sínar fyrir stjórn sem samþykkti að leggja þær fyrir þetta þing og voru þær sendar út til formanna með lögboðnum fyrirvara.

Á formannafundi á Laugum 28. júní var samþykkt tillaga að merki félagsins og í framhaldinu var gerður fáni sem skartar þessu merki og var hann fyrst notaður opinberlega á landsmóti UMFÍ á Akureyri. Höfundur merkisins er Símon Sverrisson. Á þessum sama fundi kom fram að lítil stemmning væri á sambandssvæðinu fyrir þessu landsmóti en aftur góð fyrir unglingslandsmótinu á Sauðárkróki. Skildust menn með heitstrengingum um að reyna nú að blásá lífi í félagsmenn og hvetja þá til þátttöku. Má segja að það hafi tekist nokkuð vel hvað keppnina varðar en athygli vakti og óánægju í héraði hversu fámennt lið okkar var í skrúðgöngunni við setningarathöfnina. Hvað veldur er ekki gott að segja en efalaust hefðum við í stjórninni getað staðið betur að undirbúningi en eftir stendur að áhuginn var mjög af skornum skammti. Í framtíðinni er vert að velta fyrir sér hvernig þátttaka í landsmóti getur verið lifandi þáttur í starf sambandsins en ekki bara átaksverkefni á fjögurra ára frest. Unglingslandsmótin aftur á móti hafa unnið sér tryggan sess hjá sambandinu og þátttaka í þeim jafan verið góð og var mótið á Sauðárkróki á liðnu ári þar engin undantekning.

Akstursjóður HSÞ starfaði vel á árinu ef horft er til greiðslu styrkja úr sjóðnum. Hins vegar er erfiðar með að útvega fjármagn í sjóðinn og má þar fyrst og fremst um kenna efnahagsástandinu í þjóðfélaginu. Ekki þar fyrir að enn eru til peningar í sjóðnum en við verðum að horfa lengra fram í tímann. Það hefur verið ánægjulegt að koma þessu verkefni á koppinn og sjá hversu vel það er nýtt en þó er ástæða að hvetja íbúa héraðsins til að nýta sér þá möguleika sem þarna bjóðast og vert að minna á að þetta er sjóður sem styrkir akstur til þáttöku ungmenna í íþrótt- og æskulýðssstarfi. Eitt af stóru verkefnunum sem bíður viðtakandi stjórnar er að tryggja rekstur þessa sjóðs sem tvímælalaust hefur sannað gildi sitt. Ég vil þakka þeim stjórnarkonum Sif Jóhannesdóttur, Jóhönnu Kristjánsdóttur og Villborgu Stefánsdóttur fyrir frábært starf við sjóðinn.

Nú má segja að frumbernsku Héraðssambands Þingeyinga sé lokið og komið að þroskaárunum. Og eins og fyrr var sagt á nú að vera svigrúm til að einbeita sér að því að móta starf sambandsins svo það megi nýtast sem best ungmenna- og íþróttastarfí í héraði. Þar þurfa margir að leggja hönd á plóg ef veit a til að takast og reynsla mín segir mér að þar sé mikilvægast að ná góðu samstarfi við foreldra. Í þeirri vinnu er líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að sambandssvæðið nær yfir rúm 18% af flatarmáli landsins en er ekki að sama skapi þéttbýlt. En verkefnið er spennandi.

Nú er komið að tímamótum, ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til að gegna áfram formansstöðu hjá sambandinu. Þegar ég tók að mér þetta starf fyrir fimm árum var það hugsað til skamms tíma, fyrst og fremst til að leiða starfið í gegnum Unglingalandsmótið á Laugum 2006. En sem sagt nú er 2010 og miðið vatn hefur runnið til sjávar. Við höfum sameinað UNP og HSÞ, Akstursjóður HSÞ hefur orðið að veruleika, höfuðstöðvar sambandsins verið fluttar til Húsavíkur og samstarf hafið við Völsung um rekstur skrifstofu, svo fátt eitt sé tiln til. Okkur hefur greint á um ýmislegt en borið gæfu til að halda starfinu gangandi og virku. Ágreiningur er ágætur til að skerpa stefnuna en mikilvægt er að hann verði aldrei tilgangur í sjálfum sér.

Ég vil að lokum þakka öllum sem ég hef átt samstarf við á síðast liðnum 5 árum kærlega fyrir samstarfið. Giðir það um þá sem setið hafa í stjórn með mér, formenn félaga og ráða, starfsmenn, styrktaraðila, jafnt einstaklinga, sveitarfélög sem og fyrirtæki. Eins vil ég sérstaklega þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum ÍSÍ og UMFÍ fyrir frábært samstarf. Þá vil ég þakka Sveini Aðalsteinssyni núverandi starfsmanni Völsungs og HSÞ sérstaklega fyrir gott starf á umbrotatínum.

Að lokum skal vitnað í gamla konu og Halldór Laxnes:

Nefndu nafn mitt ef þér liggur lítið við.

Arnór Benónýsson


## Ársskýrsla UMF Austra fyrir árið 2009



Á tímabilinu janúar – maí voru fótbaltaæfingar tvisvar í viku. Þær voru í höndum Róberts Bjarnasonar en Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari hjá Völsungi, kom á tveggja vikna fresti og hefur það mælst vel fyrir. Því miður var ekki hægt að bjóða upp á æfingar í fleiri íþróttagreinum þar sem ekki fengust til þess þjálfarar.

Nokkrar stelpur úr UMF Austra fóru á Íslandsmót í fótbalta helgina 7. – 8. febrúar, en það voru þær Þórunn Nanna, Karen Ósk, Helga Bergsd., Tanja Tómasd. og Alexandra Ísey.

Aðalfundur UMF Austra var haldinn 12. mars og var stjórnin endurkjörin, auk þess sem Berglind Friðbergsdóttir bættist í hópinn. Stjórnina skipa: Birna Björnsdóttir formaður, Olga Friðriksdóttir gjaldkeri, Svava Árnadóttir ritari, Kristín Þormar meðstjórnandi og Berglind Friðbergsdóttir meðstjórnandi.




Nokkuð fjölmennt lið frá UMF Austra fór á héraðsmót HSþ í frjálsum íþróttum innanhúss sem haldið var á Húsavík þann 14. mars. Krakkarnir stóðu sig afar vel og lentu í 2. sæti í stigakeppninni.

Jón Þormar réði sig sem þjálfari fyrir sumarið og byrjuðu æfingar undir hans stjórn í byrjun júní, þ.e. í fótbalta og frjálsum íþróttum. Boðið var upp á æfingar alla virka daga, fótbolti á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og frjálsar á þriðjudögum og fimmtudögum. Þessar æfingar stóðu fram í ágúst.

Austri sá um dagskrá á 17. júní, eins og síðustu ár. Börnum var boðið upp á andlitsmálun og sala á blöðrum og veifum fór fram í tjaldi á skólatúnini. Klukkan 14:00 var skrúðganga og að henni lokinni var farið í ýmis konar leiki. Eins og undanfarin ár, var tilkynnt um val á íþróttamanni ársins (2008) og veittar viðurkenningar fyrir bestu ástundun, prúðmennsku og mestu framfarir. Alexandra Ísey Grétarsdóttir hlaut titilinn íþróttamaður ársins 2008,

Dagný Ríkharðsdóttir og Önundur Kristjánsson hlautu bikar fyrir ástundun og prúðmennsku og Helga Bergsdóttir hlaut bikar fyrir mestu framfarir. Það sem var sérstaklega jákvætt var hve erfitt var fyrir þjálfara að velja úr, en margir komu til greina og greinilegt að börn og ungligar hér á Raufarhöfn eru afar dugleg að mæta á íþróttæfingar.

Eftir hefðbundna dagskrá bauð Austri upp á grillaða hamborgara og gos.



UMF Austra sá að þessu sinni um hið árlega Kvennahlaup sem haldið var 19. júní. Tókst vel til og þátttaka var nokkuð góð.



Austri tók þátt í Ásbyrgismótinu og sigraði þar stigakeppni 14 ára og yngri í frjálsum íþróttum hjá stúlkum og einnig urðu meyjar, 15-16 ára, stigahæstar. Austri var með fótboltalið í öllum aldursflokkum og gekk vel. Það er því óhætt að segja að sumarstarfið hafi skilað sér vel.



UMF Austri var í samstarfi við Ungmennafélag Langnesinga og æfðu stelpur á aldrinum 13-16 ára með jafnöldrum sínum frá Þórshöfn og nágrenni veturinn 2008-2009 og voru félögin með sameiginlegt lið í 3. flokki á Íslandsmótinu í knattspyrnu sumarið 2009. Auk þess kepti Þórunn Nanna Ragnarsdóttir með Völsungi í 4. flokki.

Aðeins tveir keppendur voru frá UMF Austra á Unglingalandsmóti UMFÍ, Karítas Ríkharðsdóttir og Helga Bergsdóttir, sem náðu fyrsta sæti í fótbalta í 17 – 18 ára aldursflokki ásamt vinkonum sínum.

UMF Austri átti tvo keppendur á Héraðsmóti HSþ utanhúss í frjálsum íþróttum sem haldið var á Laugum í ágúst, þær Dagnýju Ríkharðsdóttur og Stefanú S. Ingólfssdóttur og stóðu þær sig með mikilli prýði.



Vetrarstarfið hófst í byrjun október og hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Róbert Bjarnason hefur séð um fótbaltaæfingar 2 sinnum í viku og Jóhann Kristinn Gunnarsson hefur komið á 2 sinnum í mánuði og hefur þá þriðja æfingin bæst við í þeim vikum. Berglind Kristinsdóttir sér um frjálsíþróttæfingar einu sinni í viku.



14. nóvember fóru 13 keppendur frá UMF Austra á Nóvembermót HSþ og stóðu sig mjög vel.

Í heildina má segja að árið hafi verið gott. Auk hefðbundinna íþróttæfinga, þá eru börn og ungligar á Raufarhöfn mjög dugleg að nýta sér góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og eru yfirlöguð mjög áhugasöm um íþróttir. Auk þess er gaman að geta þess að töluverður fjöldi barna og unglings stunda hestamennsku í frábærri aðstöðu Hestamannafélagsins Neshesta.

Að lokum vill stjórnin þakka þjálfurum, foreldrum og öðrum velunnurum félagsins fyrir gott samstarf. Án þeirra væri ekki hægt að halda upp starfsemi og það er greinilegt að ungmennafélagsandinn er enn í fullu fjöri.

Raufarhöfn 7. mars 2010

F.h. stjórnar UMF Austra

Birna Björnsdóttir  
Formaður

Kópasker 11.mars 2010.

Skýrsla stjórnar

Helstu verkefni á árinu :

Íþróttæfingar byrjuðu 1. Júní skipt var jafnt á milli bolta og frjálsra æfinga.

Undirbúningur fyrir Ásbyrgismótið í júlí og var góð þátttaka þar eins og alltaf.

Blakdeild Snartar tóku þátt í mónum í sumar í sumar, öldungarmóti og fl.

Mótum

Auk þess hefur verið góð iðkun hjá eldri flokkum í Körfubolta og fótbolta innan hús í veturna.

Guðmundur Magnússon

Formaður Snartar

## **Starfsskýrsla.**

Starfsemi félagsing var ekki mikil. Fóru nokkrir keppendur frá okkur og tóku þátt í Ásbyrgismóti, eins og venja er. Hirt var um íþróttavöll félagsins ekki tókst að halda úti frjálsíþróttu æfingum.

Ungmennafélagið Afturelding.

## **Starfsskýrsla Ungmennafélags Tjörnesinga 2009**

Haldin voru fáein spilakvöld þar sem spilið var félagsvist og voru þau ágætlega sótt. Fleira var ekki gert á árinu.

## **Golfklúbburinn Hvammur**

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fimm mótt voru haldin á vegum klúbbsins, þ.m.t. meistaramót sem fram fór síðumars. Barna- og unglingsstarf var með sama sniði og árið á undan. Tölverður áfangi varð í starfsemi klúbbsins á síðasta ári þegar börn sem stundað hafa golf hjá klúbbnum tóku þátt í móti á Akureyri.

Auk 9 holu golfvallar hélt klúbburinn úti 4 holu æfingavelli í sumar. Æfingavöllurinn hentar börnum og byrjendum afar vel þar sem um er að ræða stuttar, hindranalitlar brautir. Vegna sparnaðar var æfingasvæðið ekki opnað en til stendur að opna það að nýju á yfirstandandi ári. Fjöldi félaga í klúbbnum hélst í horfinu á árinu, nokkrir gengu úr en aðrir komu í staðinn. Virkni félaga við golfiðkun er jóð sífellt að aukast. Umferð annarra en klúbbmeðlima um völlinn jókst verulega á árinu og einnig voru þar haldin nokkur fyrirtækjamót.

Jón Helgi Pétursson  
formaður

# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Langnesinga

### fyrir árið 2009



Þessi skýrsla spannar tímabilið 1. janúar 2009 til 31. desember 2009. Ungmennafélag Langnesinga hefur verið í mikilli sókn síðustu tvö ár. Starfsemin hefur aldrei verið meiri og iðkendum fjölgar. Mikil ánægja er á meðal fólks á Þórshöfn með þessa miklu og góðu starfsemi sem nær yfir allt frá 6 ára börnum upp í 18 ára unglings. Mottóið okkar er einfaldlega að hafa eitthvað að gera fyrir alla 18 ára og yngri.

Æfingar voru haldnar í fótbolta og frjálsum frá janúar til ágúst. Þjálfarar voru Guðmundur Jóhannsson í fótbolta í janúar og febrúar, Þórarinn Þórisson í fótbolta og frjálsum frá janúar til ágúst og Þorsteinn Ægir Egilsson í fótbolta frá maí til september. Í lok sumars voru rótækjar breytingar gerðar í þjálfaramálum. Nýir þjálfarar komu inn og var einn þjálfari fengin fyrir hvern flokk í fótbolta þ.e.a.s. í 3, 4 og 5 flokki karla og kvenna, einn þjálfari fengin til að sjá um frjálsar og einn til að sjá um körfubolta karla og kvenna. Frí var tekið frá æfingum í september en nýju þjálfararnir töku til starfa 1. október og æfingar voru samfellt til áramóta. Þessar breytingar hafa sannarlega staðið fyrir sínu því iðkendum fjölgar jafnt og þétt og ánægjan verður meiri og meiri hjá okkar góða fólk á Þórshöfn.

Sjaldan eða aldrei hafa verið farnar jafn margar keppnisferðir og árið 2009. Þær voru í kringum 30-35 talsins bæði í fótbolta og frjálsum. Stafar það að mörgum ferðum í íslandsmóti í fótbolta sem og svo kölluðu Hattarsamstarfi sem er samstarf í fótbolta á milli UMFL og Hattar á Egilsstöðum. Farnar voru um 4 ferðir í frjálsum.

Í byrjunum sumars nánartiltekið í maí ákvað stjórn UMFL að festa kaup rútu. Hún er að gerðinni Renault Master árgerð 2001 og tekur hún 16 farþega og segjum við stolt frá því að við eigum hana skuldlaust. Þessi rúta kom sér virkilega vel þegar kom að keppnisferðum og var hún óspart notuð. Það þýddi minna umfang fyrir foreldra svo sem að taka frí úr vinnu. Þeir fögnuðu þessari nýju eign okkar og má með

sanni segja að þetta er algjör gullmoli. Þessi rúta var ekki bara kærkomin fyrir okkur í ungmannafélaginu heldur líka fyrir samfélagið okkar.

Fjárhagur félagsins er mjög stöðugur. Fjáraflanir eru þó nokkrar og eiga þar foreldrar og iökendur stóran þátt. Án þeirra mundi lítið gersast. Við eignum gott bakland og góð fyrirtæki sem hugsa hlýtt til okkar og án þeirra væri ekki hægt að halda úti jafn öflugu íþróta- og félagsstarfi og við gerum hérrna á Þórshöfn.

Sama stjórn hefur setið síðust 4 ár hjá UMFL með þó einni breytingu. Allir þeir sem sitja í stjórnnum hjá íþróttafélögum sem og öðrum álika félögum eiga hrós skilið fyrir það að vinna í því að bæta og rækta íþróttu- og félagsstarf um allt land. Þetta er vanþakklátt starf þar sem viðkomandi manneskjur eru að gera vinnu sína og tíma fyrir aðra.

Stjórn Ungmannafélags Langnesinga er eftirfarandi:

Sölvi Steinn Alfreðsson	Formaður
Guðmundur Jóhannsson	Varaformaður
Þorsteinn Ægir Egilsson	Gjaldkeri
Hrafngerður Ösp Elíasdóttir	ritari
Sólveig Óladóttir	Meðstjórnandi

## Knattspyrna

Árið byrjaði með því að skráð voru 3 lið til leiks í íslandsmót innanhús sem fram fór í febrúar. Ferðinni var heitið til Reykjavíkur með 3 og 4 flokk karla og 3 flokk kvenna. Alls fóru um 27 keppendur, 2 þjálfarar og mikill fjöldi foreldra. Þessi febrúarhelgi tókst í alla staði frábærlega og stóðu krakkarnir sig vel og voru féluginu til sóma.

Sumarið 2009 var frábært fótboltasumar hjá UMFL. Skráð voru 3 lið til keppni í íslandsmót í 7 manna liðum. 3 flokkur stelpna sem var skipaður stelpum frá Þórshöfn og Raufarhöfn tók þátt í fyrsta sinn í íslandsmóti undir merkjum UMFL. Liðið var skráð með nafnið UMFL/Austri. Þær öttu kapp við lið á borð við KS/Leitur, Völsung, Hött, Neista H og Hvöt. Stelpurnar náðu 4 stigum í sínum riðli og telst það finn árangur í fyrsta skipti.

5 flokkur karla tók einnig þátt í íslandsmóti og kepptu þeir á móti liðunum Fjarðarbyggð, Hetti, Sindra, Neista D og Einherja. Þeir enduðu með 13 stig í sínum riðli og þótti það mjög góður árangur hjá þeim.

4 flokkur karla tóku á móti liðum eins og KA, Þór, Dalvík, Fjarðarbyggð, Völsungi og Samherjum. Þessi flokkur gerði sér lítið fyrir og vann norðurlandariðilinn með

frábærri spilamennsku og öflugri liðsheild. Farið var til Akureyrar þar sem úrslitin voru spilið og enduðum strákarnir í 4 sæti.

5, 6 og 7 flokkur kvenna tóku þátt í Fjarðarbyggðarmótinu í maí og stóðu þær sig frábærlega í þessari frumraun sinni og voru féluginu til sóma.

### **Frjálsar íþróttir**

Ungmennafélag Langnesinga hefur verið að efla frjálsar íþróttir á Þórshöfn síðustu ár. Mikið að þeim nýju iðkendum sem eru að byrja hjá okkur eru í yngri bekkjum grunnskólans og virðist vera að þau byrji í frjálsum íþróttum en finna svo sína grein þegar þau eldast hvort sem það er í fótbolta, körfubolta eða halda áfram í frjálsum.

En það sem stóð uppúr á árinu 2009 hjá okkur var það að vinna hið árlega Ásbyrgismót. Við unnum í öllum flokkum í fótbolta en elstu stelpurnar okkar lento í 2 sæti á eftir Snerti. Í frjálsum íþróttum unnum við kvennabikarinn með 156 stig, karlabikarinn með 122 stig og loks heildarstigabikarinn með 658 stig. Einnig var farið á frjálsíþrótta móti á Húsavík. Það fór vaskur hópur barna frá okkur og var það frumraun flestra. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að aðeins yngstu iðkendurnir fóru til að taka þátt. Þau stóðu sig með stakri prýði og voru féluginu til sóma.

### **Hattarsamstarf**

Svo kallað hattarsamstarf er samstarf milli Ungmennafálags Langnesinga og Hattar á Egilsstöðum. Samstarfið er í fótbolta og hefur það staðið í 2 ár. Þetta byrjaði með því að 3 flokkur karla hjá okkur var mjög fámennur og ekki náðist í lið. Því var brugðið á það ráð að horfa út fyrir ramann og ákveðið var að strákarnir okkar í 3 flokki skildu æfa og leika með Hetti. Það sumar (2008) gekk vel og haldið var áfram með þetta samstarf síðasta sumar(2009). Þá bættust 3 flokkur kvenna og 4 flokkur karla við og umfangið orðið tvisvar sinnum stærra. Spilað var undir merkjum Hattar og leikinn 11 manna bolti. Ásamt því að allir flokkarnir spiliðu í íslandsmóti var tekið þátt í RAY CUP í 4 flokki karla og 3 flokki kvenna en 3 flokkur karla hélt hins vegar til Svíþjóðar á Gothia cup.

## Fjáraflanir og styrktaraðilar

Fjáraflanir hafa verið með ýmsu móti árið 2009. Ungmennafélagið selur wc pappír og er hann verslaður mikið við okkur bæði af íbúum og fyrirtækjum. Kátra daga kaffi hefur verið árlega síðustu 3-4 ár og var eingin undartekning á því síðasta ár. Félagið sá einnig um grasvöllinn fyrir Langasesbyggð.

Ungmennafélagið tók þátt í átakinu græn framtíð. Það fólst í því að gengið var í hús til að safna gömlum fartölvum, prenthykkjum og GSM sínum sem ekki eru lengur í notkun á heimilum og hjá fyrirtækjum á Þórshöfn. Ungmennafélagið fékk greitt fyrir þau tæki sem söfnuðust en þau voru flutt út af fyrirtækinu Græn framtíð í endurnýtingu.

Jólaföndur var haldið í desember og var öllum boðið að koma. Það var ekki það eina sem var gert í desember heldur voru seldar rækjur annað árið í röð og er það að vekja mikla lukku hér á Þórshöfn.

Við á Þórshöfn eignum mörg og góð fyrirtæki. Þó svo að það sé kreppa þá hafa fyrirtæki tekið okkur afar vel. Stærstu tekjur okkar eru í formi styrkja frá þessum góðum fyrirtækjum og eiga þau þakkir og hrós skildar. Meðal þeirra fyrirtækja sem styrktu okkur árið 2009 voru: Ísfélag Vestmannaeyja, Langanesbyggð, Sparisjóður Þórshafnar, Geir ehf, Fánasmíðjan, Samkaup, BJ vinnuvélar, Dalá, Veitingastaðurinn Eyrin, Vífifell og SJ bókhald.

## Framundan hjá UMFL

Það sem er framundan árið 2010 er að taka þátt í íslandsmóti í öllum flokkur í 7 manna bolta og í gegnum Hattarsamstarfið með 11 manna bolta. Hugsanlega verður farið á einhver opin móti svo sem Króksmót eða þejumót. Í Frjálsum íþróttum er stefnt að taka þátt í 1-2 móti. Körfuboltinn er á mikilli uppleið en ekki er búið að taka neina ákvörðun með hann. Byrjað var að huga að borðtennisæfingum á síðasta ári og verður unnið að því á komandi ári að finna hvort grundvöllur er fyrir að halda þannig æfingum úti. Fyrirspurn hefur komið til stjórnar UMFL hvort Ungmennafélagið vilji halda úti blakæfingum fyrir meistaraflokk. Það er í skoðun.

Það stærsta sem er framundan hjá okkur árið 2010 er bygging nýs klifurveggs í íþróttahúsinu okkar. Ungmennafélagið reið á vaðið og fékk í lið með sér Langanesbyggð og Björgunarsveitina Hafliða. Klifurveggurinn verður með 200 grip en gert er ráð fyrir því að hægt verði að setja allt að 1000 grip á hann. Þessi veggur á ekki bara eftir að nýtast ungmennafélaginu heldur öllum þeim sem vilja stunda klifur.

## Starfsskýrsla UMFÖ

Í stjórn Ungmennafélagsins eru Jóhann Rúnar Pálsson formaður, Stefá n Pétursson gjaldkeri og Vigdís Sigvarðardóttir ritari.

Starf félagsins 2009 var með líku sniði og undangengin ár. Félagið hélt úti íþróttæ fingum sumarið 2009 í samstarfi við Leif heppna. Ráðin voru Margnea Dröfn Hlynssdóttir og Friðbjörn Bragi Hlynsson til að sjá um æfingar. Æfingar voru tvívar í viku, einn og hálfan tíma í senn. Einnig hafði félagið að komu að fimleikaæfingum á vorönn 2009 og hefur verið mikill áhugi fyrir þeim æfingum. Aðalsteinn Örn Snæþórsson hefur haft umsjón með fimleikunum. Spilaðar hefur verið fótbolti 1 X í viku í íþróttahúsinu í Lundi undir merkjum UMFÖ á veturna. Einnig hafa félagsmenn UMFÖ staðið fyrir vikulegum bridge kvöldum í skólahúsnæðinu í Lundi. UMFÖ átti heilmarga keppendur á Ásbyrgismótinu sem haldið er í júlí ár hvert. Framkvæmd og undirbúningur mótsins undanfarin ár hefur að mestu verið í höndum félaganna við Öxarfjörð; Snartar, UMFÖ og Leifs heppna. Félagar úr UMFÖ tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd Jökulárlaupsins og er óhætt að segja að vel hafi tekist til með hlaupið undangengin ár. Jökulsárlaupið er að verða eitt eftirsóttasta utanvegahlaup landsins. Að vanda var eitthvað um þátttöku félagsmanna UMFÖ á mótum Héraðssambands Þingeyinga og á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Með kveðju

Jóhann Rúnar Pálsson

# ÁRSSKÝRSLA U.M.F. GAMAN & ALVARA

## 2009

Stjórn félagsins skipa:

Ólafur Ingólfssson, Hlíð	Formaður
Grímur Vilhjálmsson, Rauðá	Ritari
Hrefna Sævarsdóttir, Árland	Gjaldkeri

Á síðasta ári voru haldnir 4 fundir, tveir stjórnarfundir og tveir félagsfundir.

Okkar helsta starfssemi er að halda þrettándagleði á þrettánðanum sem var haldin fyrstu helgina í janúar, þar sem var brenna og stórglæsileg flugeldasýning og ekki má gleyma hinu vinsæla bingói og verðlaunaafhendingum. Spiluð var félagsvist um haustið og í þetta sinn var það þriggja kvölda keppni, og þar sem þátttaka var góð þá vonumst við til að geta haldið því áfram.

Engin skipulögð æfingastarfssemi er á svæði félagsins en nokkrir félagsmenn hafa stundað íþróttæfingar í Stórutjarnaskóla í samráði við Bjarma, þar hafa til að mynda verið stundað, krakkablak, körfubolti og sund, þarna erum við að tala um börn á grunnskólaaldri. Einnig fóru nokkrir ungar félagsmenn á leikjanámskeið síðastliðið sumar. Námskeiðið var haldið á Bjarmavelli í samráði við Bjarma undir stjórn Hafðisar Sigurðardóttur og lauk námskeiðinu um miðjan ágúst með mikilli grillveislu.

Pá læt ég þessu lokið og þakka samstarfið síðastliðið ár.

F.h. Gaman & Alvara

Hrefna Sævarsdóttir, gjaldkeri



# Golfklúbbur Mývatnssveitar

## Skýrsla stjórnar árið 2009

Stjórn GKM árið 2009.

Aðrir embættismenn.

Formaður. Kristján Stefánsson  
Gjaldkeri. Jón Elvar Steindórsson  
Ritari. Jón Óskar Ferdinandsson  
Varamenn. Þorvaldur M. Sigbjörnsson  
Hallgrímur Jónasson

Form. vallarnefndar. Sigurður Baldursson  
Form. mótanefndar. Jóhannes Steingrímsson  
Form. forgj.nefndar. Jóhannes Steingrímsson  
Skoðunarmenn reikn. Pétur Snæbjörnsson  
Ellert Rúnar Finnborgason

Starfsemi GKM sumarið 2009 var ágæt, nokkuð margir spiluðu reglulega golf en það var nokkuð af aðkomumönnum sem voru hér vegna vinnu og notuðu völlinn talsvert, einnig var nokkuð um nýja félaga og vonandi verður framhald á því.

Mótahald var svipað og undanfarin ár en klúbburinn naut velvildar margra fyrirtækja í sveitinni og nágrenni þegar firmakeppnin var haldin. Nokkur fyrirtæki studdu myndarlega við bakið á okkur við rekstur vallarins og við opna mótið "Golf og Gufa" sem haldið var fyrstu helgina í september. Metþáttaka var í mótinu eitt árið enn, en í þetta sinn var mótið haldið sem minningarmót um Sigbjörn Gunnarsson sem lést á árinu. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkar fyrir stuðninginn. Sérstakar þakkar vil ég þó færa fjölskyldu Sigbjörns sem sá að mestu leiti um undirbúning og framkvæmd opna mótsins.

Langþráðu markmiði var náð á síðasta sumri þegar reistur var 70 m<sup>2</sup> skáli og var hann gerður fokheldur og er það von míni að hann verði orðin nothæfur í vor með salernisaðstöðu og öðru, þannig að þar megi taka á móti þeim gestum sem heimsækja völlinn. Vafalaust verður þetta mikil lyftistöng fyrir starfsemi klúbbins.

Framundan er að framlengja leigusamning um völlinn við landeigendur, en samningurinn rennur út árið 2011 og er því komin tími á það. Einnig þarf að gera nokkuð myndarlegt á tak í uppbyggingu á flötum og teigum, en framlenging leigusamningsins er grundvöllur fyrir þeirri vinnu og vonandi verður það auðfengið.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félugum mínum fyrir samstarfið og vona að Golfklúbbur Mývatnssveitar eigi eftir að starfa og dafna um ókomin ár.

---

Kristján Stefánsson formaður.

## Ársskýrsla ÍFL f. starfsárið 2009

Farið hefur verið í æfingarferðir vegna fótbalta, körfubolta, handbolta og blaks.

Haldnar hafa verið ýmsir viðburðir eins og t.d. Grunnskólamót og battamót, einnig hafa verið haldnar keppnir innan skólans eins og kraftakeppnin, Sterkasta stelpa og strákur skólans.

Fjárlögun okkar samanstendur aðallega af sölu íþróttabúninga fyrir skólann og styrkjum sem renna þar inn.

Blakliðið okkar tekur þátt í Íslandsmótinu í blaki.

Knattspyrnuliðin okkar karla og kvenna voru í 3ja sæti núna í haust í Framhaldsskólamóti.

## Ársskýrsla Golfklúbbs Húsavíkur 2009.

### **Katlavöllur:**

Golfvöllurinn kom vel undan vetri og var í góðu ástandi að flestu leiti í sumar. Byrjað var að spila á sumarflatir 16. maí. Framkvæmdir voru í lágmarki í sumar. Ýmis undirbúningsvinna var gerð varðandi frekari framkvæmdir.

Vísað til form.vallarnefndar og skýrslu vallarstjóra.

### **Vélar og tæki.**

Seldar voru 2 vélar á árinu. Flatarvélin og teigavél.

Í stað þeirra kom ný flatarsláttuvél, sem reynst hefur afar vel og ljóst er að þessi skipti voru löngu tímabær. Einnig var götunarvél keypt á árinu.

### **Mannahald.**

Einar Gestur Jónasson var vallarstjóri hjá okkur s.l. ár. Með honum er fengin sérfræðiþekking sem kemur starfinu á vellinum til góða. Með honum við hirðingu vallarins og sitthvað fleira var Alexander Jónasson. Einnig var þar 17 ára unglingsur og 4 yngri, frá vinnuskóla sveitarfélagsins sem voru þeim til aðstoðar við umhirðu, snyrtingu og fleiri minni en mikilvæg störf, sem er einn liður í styrk til GH frá sveitarféluginu Norðurþingi.

### **Vinnusemi félaganna.**

Vorhreinsunar- og vinnudagur í maí og vinnukvöld í júni og júlí, þar sem fjöldi félaga mættu með amboð og önnur tæki, ráðist var gegn lúpínunni enn eitt árið. Ýmis verk unnin, svo sem endurnýjað dekkið á pallinum utan við skálann, snyrt og fegrað.

### **Þjálfun, kynningarstarf og útgáfa.**

Kynningarbæklingur og plagöt voru gefin út og dreift vítt og breytt um landið. Einar Gestur fór fyrir okkar hönd á sýninguna „Útvist og sport“ sem haldin var eina helgi í maí í Laugardalshöll. Þar stóð hann vaktina í sýningar og kynningarbás Norðurlands. Gefinn var út vallarvísir og fengum við nokkrar auglýsingatekjur af þeirri útgáfu.

Sent var út fréttabréf ásamt mótaskrá á vordögum

Sigurpáll Geir Sveinsson kylfingur og kennari, kom í mars og fenginn til að leiðbeina og kenna golf. Fáir klúbbfélagar mættu en þeir sem fengu til sögn voru afar ánægðir.

Samið var við David Barnvel um unglingskennslu. Kom hann frá Akureyri einu sinni í viku, einnig kom Skarphéðinn Ívarsson að því starfi 2svar í viku, með David og svo einn. Einnig bauð David upp á einkatíma sem fólk nýtti sér.

Bogga og Pálmi sáu um nýliðafræðsluna (eldri) eins og undanfarin ár.

Sett var upp skilti niður við þjóðveg, sem vísar enn fremur á golfvöllinn.

Fjöldi nýrra félaga var rétt um 30 talsins, börn, unglingsar og fullorðnir.

**Veitingasala:** Helga og Lúðvík Kristinsbörn sáu um veitingasölu í klúbbhúsinu og ýmis þörf verk innan dyra sem utan, ásamt fjölskyldumeðlinum þeirra. Við afgreiðslustörf og fl. í klúbbhúsinu virka daga, sinntu unglingsstúlkur frá vinnuskólanum.

## Framlög og styrkir:

Sótt var um ýmsa styrki:

Styrkur Norðurþings til GH, kemur nánar fram í reikningum.

Stjórn G.H. vill þakka Sveitarstjóra og Sveitarstjórn fyrir jákvæðan stuðning og skilning á málefnum klúbbsins og áhuga á að efla starfsemi hans.

Samningur við Landsbankann kr. 150. þús. á ári, gerður var samningur til þriggja ára.

Vátryggingafélag Íslands, 90.000 kr. styrkur gegn auglýsingum í bollum á grínum.

Samningur milli GH og Hvalasafnsins v/ púttaðstöðunnar í safninu var endurnýjaður og töluberð breyting, með nýjum safnstjóra. Greiðsla fyrir komur, utan hefðbundins afgreiðslutíma renna til unglungastarfs klúbbsins. Einar Gestur sér um opnun á þeim tíma.

Styrkur frá Norðursiglingu, 70.000.- kr. vegna auglýsingar á skorkortum. Fjöldi annarra fyrirtækja styrktu klúbbinn með framlögum sínum sem verðlaun í móturnum og auglýsingar í útgefnu efni. Styrkur að upphæð 500.000 úr Rekstrasjóði smábáta á Húsavík.

-----En vegna erfiðleika og verri fjárhagsstöðu fyrirtækja og einstaklinga að undanförnu, hafa styrkir og annað framlag til klúbbsins ekki verið eins og vonir stóðu til. En á móti kemur að öll aðföng og efniskaup fyrir klúbbinn eru mun dýrarí en áður o.s.frv.

## Tilnefning kylfings GH , eldri og yngri, til Kiwanisklúbbsins Skjálfanda.

Í flokki 17 ára og eldri. Magnús Hreiðarsson Klúbbmeistari GH 2008

Í flokki 16 ára og yngri Arnþór Hermannsson.

## Klúbbmeistarar og aðrir titlar:

Í Meistaramóti GH sigraði í karlauflokki Skúli Skúlason. Í kvennaflokki Jóhanna Guðjónsdóttir og urðu því klúbbmeistarar.

## Sveitakeppni GSÍ 3. deild karla var haldin hér á Katlavelli dagana 7.-9. Ágúst.

Um var að ræða sveitir frá 8 golfklúbbum, Grindavík, Keflavík, Selfoss, Bakkakot, Borgarnes, Bolungarvík, Ísafjörður auk sveitar okkar sem var skipuð þeim, Arnari Vilberg Ingólfssyni, Einari Gesti Jónassyni, Sigurði Hreinssyni, Skúla Skúlasyni, Unnari Þór Axelssyni og Örvari Þór Sveinssyni. Kristinn Lúðvíksson var liðstjóri þeirra og Hreinn Jónsson titlaður fararstjóri Okkar menn sigruðu á mótinu en í öðru sæti urðu félagar úr Golfklúbbi Bakkakots og leika því í 2. deild nú í sumar og fer sú keppni fram hjá Golfklúbbnum Leyni á Akranesi.

**Góð þátttaka í móturnum í sumar:** Má t.d minnast á að í Opna Húsavíkurmótið, Goðamótið, voru 100 kylfingar skráðir til leiks. Opna Öryggismótið 68 mans, Opna Skóbúðarmótið, 50 mans og s.frv.

Fjöldi gesta sótti okkur heim, hópar sem óskuðu eftir sérstökum tínum, og vil ég þakka fyrir hve félagar klúbbsins taka vel í slíkt. Einnig var töluberð aðsókn ferðamanna á vellinum.,

## Kvenna-Golf.

Ekki var farið í neina skipulagða ferð í sumar en í þess stað ákvæðu nokkrar konur að við svo búið mætti ekki standa og úr því að ekki yrði farið lengra til, þá að gera eitthvað fyrir okkur hér

heima og varð það niðurstaðan . Spilað golf í hauga rigningu og að því loknu kynt upp í grillinu hennar Boggu þar sem girnileg máltíð leit dagsins ljós. Allar skemmtu sér hið besta þrátt fyrir vætuna.

### Ársþing GSÍ og aðrir fundir.

Formaður sat þingið sem haldið var laugardaginn 21. Nóvember s.l í fundarsal Íþróttar og sýningarsal íþróttahallarinnar í Laugardal.

Fram kom t.d. þar að ótti við fækkun kylfinga í klúbbum landsins s.l. ár hafi verið ástæðulaus. Reyndin varð sú að í klúbbum landsins fjölgum um 750 mans. Nýir klúbbar litu dagsins ljós, sumir án golfvalla. En skráðir klúbbar voru 65. Einnig kom fram að auk þeirra 15.000 iðkenda íþróttarinnar sem eru skráðir í GSÍ eru um 20.000 mans sem spila golf án félagsaðildar. Rætt var hvernig hægt væri að ná þessu fólki inn í klúbbana

Þar sem ekki varð almenn fækkun, er reiknað með því að á árinu 2010 gæti það aftur á móti gerst.

Ársþing HSP var haldið að þessu sinni á Þórshöfn. Auk formanns og gjaldkera fóru þær Þórveig Kristjánsdóttir og Þóra Kristín Sigurmundsdóttir á þingið.

Fundur með formönnum „stærri“ klúbbana á Norðurlandi, eða frá Golfklúbbi Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Síglufjarðar, Dalvíkur, Akureyri og Húsavík var haldinn í húsnæði golfklúbbs Akureyrar á Jaðarsvelli. Var þar að samkomulagi að klúbbarnir biðu áfram 30% afslátt af vallargjaldi gegn framvísum félagsskýrteina.

Golfklúbbur Mývatnssveitar og GH ákváðu 50% afslátt .

Formaður Golfklúbbs Hveragerðis óskaði eftir samstarfi þ.e. að félagar greiði 50% af flatargjaldi gegn framvísum félagsskýrteini, samskonar samningur var gerður við Golfklúbbinn Bakkakot í Mosfellsdal og afsláttur milli GH og Golfklúbbsins Kjalar. Kr.500. - flatargjald

Haft var sambandi við formann, formaður Golfklúbbs Eskifjarðar, þess efnis að taka aftur upp klúbbakeppni, keppni milli Austfirðinga og Þingeyinga. Ákveðið var að fyrsta keppnin að þessu sinni yrði fyrir austan, á Norðfirði, laugardaginn 22. ágúst. 30 mans frá GH fóru austur, komu bikarlausir heim, en það er ekki eins víst að frændur okkar í austri komi bikarnum þeim arna aftur austur yfir fjöllin. Það verður skemmtilegt að taka á móti þeim í lok sumars.

Árshátið klúbbsins var haldin að lokinni Bændaglímunni laugardaginn 19. sept. í björtu en köldu veðri, enda komið haust.

Góð þátttaka var og var frábær matur framreiddur af Heimamönnum og hin besta skemmtun í boði. Það vantar ekki hagleiksfólkid né hljóðfæraleikarana, og fóru þau á kostum Margrét Sverris á gítarinn og Sigurjón Sig, Diddi, á fiðlu, og var bara að nefna lagið, hann kunni það. Næstu nefnd skipa: Halldór Kristinsson og Guðrún Björnsdóttir, Sveinbjörn Magnússon , Anna Sigrún Mikaelsd, Birna Dögg Magnúsdóttir og Sigríður Aðalgeirs dóttir.

Vil ég þakka , öllu því fólk , sem komið hefur að starfi klúbbsins á einn eða annan hátt, fyrir þeirra óeiningjarna starf og stuðning á árinu.

Anna Sigrún Mikaelsdóttir formaður GH

## **Starfsskýrsla skákfélagsins Goðans 2009.**

Skákstarfið hófst með venjubundnum hætti snemma í janúar. Við kepptum við Skáksamband Austurlands í Reykjavík og tapaðist sú viðureign.

Skákþing Goðans var haldið í febrúar og Benedikt Þorri Sigurjónsson varð skákmeistari Goðans 2009. Íslandsmótið var haldið á Akureyri og sendi Goðinn tvö keppnislið þangað til keppni. (12 keppendur) Varð árangur ágætur, en A-liðið lenti í 10 sæti af 30 liðum. Hérðasmótið var haldið í apríl og vann Smári Sigurðsson það. Skákfélagið stóð fyrir því að skáksveit var send úr Borgarhólsskóla á Húsavík til keppni á íslandsmóti barnaskólasveitar og náði liðið þar góðum árangri, liðið endaði í 10 sæti af 40. Fjölmennt hérðasmót var haldið fyrir 16 ára og yngri og varð Benedikt Þór Jóhannsson hérðasmeistari HSÞ í skák 2009.

Skákæfingar voru með reglubundum hætti allan veturinn og var síðast skákæfingin í apríl lok. Skákfélagið mannaði keppnislið HSÞ í skák á landsmótinu á Akureyri og náði liðið í 7 sæti af 9.

Tveir ungligar frá Goðanum keptu á unglingslandsmótinu og náði annar þeirra í verðlaun.

Skákstarfið svo aftur í september, með reglubundum skákæfingum.

Íslandsmót skákfélaga var haldið í október og sendi félagið 12 keppendur á það. Frábær árangur náðist þar og er A-liði í 2. sæti af 32 liðum, þegar mótið er hálfnað.

15 min mótið var haldið í október og vann Jakob Sævar Sigurðsson það.

Haustmótið var haldið í nóvember og vann Erlingur Þorsteinsson það.

Hraðskákmótið var haldið í desember og varð Jakob Sævar hraðskákmeistari félagsins.

Fjöldað hefur verulega í féluginu og voru um áramót 40 skákmenn skráðir í félagið og flestir af þeim virkir.

Skákkennsla hefur verðið öflug hjá féluginu nú sem áður og hefur nemendum í Borgarhólsskóla, Litlulaugaskóla og Stórtjarnaskóla, verið boðið upp á ókeypis skákkennslu í vetrur. Þetta er annað árið í röð sem nemendur í Borgarhólsskóla hefur verið boðið uppá vikulega kennslu allan veturinn. Um 8 nemendur hafa nýtt sér það. Ekkert bendir til annars en skákfélagið Goðinn eigi eftir að vaxa og dafan enn frekar á næstu árum og eru verulegar líkur á því að félagið eignist öflug keppnislið sem gæti unnið titla í framtíðinni á íslandsmótaum.

Hermann Aðalsteinsson formaður.

# Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

## Starfsskýrsla 2009

Árið 2009 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 32 félagar í Akstursíþróttafélaginu. Félagið stendur þokkalega fjárhagslega og er skuldlaust. Stærstu verkefni félagsins á árinu snérust um keppnishald og þátttöku í akstursíþróttamótum.

Félagið sá í janúar um framkvæmd 1. umferðar Íslandsmótsins í Íscrossi, í febrúar um framkvæmd 2. umferðar Íslandsmótsins í Íscrossi og um miðjan mars fór fram stórt akstursíþróttamót þar sem keppt var í 3. og síðustu umferð Íslandsmótsins í Íscrossi og einnig fór fram 3. umferð Íslandsmótsins í Snocrossi. Allt keppnishaldið fór fram í samstarfi við MSÍ og Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af vetraríþróttum varð ríkuleg, en Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Íscrossi í kvennaflokki, í 2. sæti varð Andrea Dögg Kjartansdóttir og í 3. sæti varð Sigþóra Brynja Kristjánscóttir. Jónas Stefánsson varð Íslandsmeistari í Snocrossi í meistaraflokki og jafnframt fór hann sem fulltrúi Íslands á heimsmeistaramótið í Snocrossi í Malå í Svíþjóð.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttareinum og fór keppnishaldið fram viðsvegar um landið. Uppskera Akstursíþróttafélgsins af sumaríþróttunum varð einnig ríkuleg, en Ásdís Elva Kjartansdóttir varð Íslandsmeistari í 85cc flokki kvenna. Þá varð Jónas Stefánsson í Íslandsmeistari í enduro í E1 flokki. Um verslunarmannahelgi stóð UMFÍ fyrir ungingalandsmóti á Sauðárkróki og var keppt í motocrossi. AM átti nokkra þátttakendur og varð Signý Stefánsdóttir Unglingamótsmeistari í stúlknaflokk.

Signý Stefánsdóttir tók þátt í heimsmeistaramótinu í motocrossi sem byrjaði í Búlgariú í byrjun apríl, en alls voru sjö umferðir keyrðar viðs vegar um Evrópu, sú síðasta í Hollandi í lok ágúst. Signý stóð sig með prýði og náði m.a. að komast í stigasæti í einni umferðinni.

Eldri borgarar félagsins létu sitt ekki eftir liggja og voru duglegir við ýmiskonar enduroferðir um hálendið og ferðamennsku. Nokkrir félagar tóku þátt í miðnæturendurokeppni á jónsmessunni í Jósepsdal og stóðu sig vel og þá fór einn félagi til Svíþjóðar í lok október og tók þátt í stærstu endurokeppni í heimi sem nefnist Gotland Grand National.

# Árskýrsla Geisla 2009

Starfsemi Geisla var með hefðbundu sniði og undanfarin ár. Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 16 ára og yngri.

Um sumarið voru æfingar fyrir alla aldurshópa í knattspyrnu og voru æfingar tvísvar í viku í þremur aldursflokkum þ.e. 12 ára og yngri, 13 – 16 ára og 17 ára og eldri. Mæting var mjög góð, en eins og undanfarin ár hafa krakkar úr Reykjavík og Útkinn æft með Geisla og í sumar voru karkkar úr Eflingu einnig á æfingum hjá okkur.

Við sendum lið í héraðsmót og bikarkeppni í yngri flokkum.

Þjálfarar sumarsins voru Sigurður Óli Guðmundsson og Andrea Kjartansdóttir, Í frjálsum eru ekki skipulagðar æfingar á vegum félagsins en nokkrir krakkar voru á HSP æfingum.

Einnig hafa krakkar af svæðinu æft með Völsungi m.a. knattspyrnu og fimleika. Aðsókn að tjaldsvæði félagsins við Jónasarvöll var nokkuð góð og skilaði ágætlega af sér.

Fréttabréf félagsins, Geislabrot var gefið út einu sinni á árinu og var þar fjallað um helstu verkefni félagsins

Árni Garðar Helgason  
form.

## Starfsskýrsla fyrir árið 2009

6.janúar: Prettándabrennan var haldin á Lónsflæðum og heppnaðist vel. Grímuballið var á sínum stað fyrir börnin í Skúlagarði á eftir, þar sem farið var í leiki, sungið o.fl. Sigurður Tryggvason í Lundi sá um að spila undir á harmoniku.

Mars: Ungmennafélagið bauð upp á frjálsíþróttæfinar, innanhúss í nokkur skipti. Fyrsta æfing var 7. Mars og fengum við Selmdísi Þráinsdóttur, á Húsavík til að þjálfa.

Ungmennafélag Öxfirðinga tók þátt í  $\frac{1}{2}$  kostnaði á móti Leifi heppna.

3. júní: Íþróttæfingar hefjast í Lundi, í samstarfi við ungmennafélag Öxfirðinga. Þjálfarar voru Magnea Dröfn Hlynnsdóttir og Friðbjörn Bragi Hlynsson, Heiðarbrún í Kelduhverfi. Æfingarnar voru 16 talsins, eða fram að verslunarmannahelgi. Æfingarnar voru nokkuð vel sóttar, en þær voru haldnar í Lundi, Öxarfirði. Guðmundur Þórarinsson sá um akstur á æfingar.

10.-12. júlí: Ásbyrgismótið haldið á gamla vellinum inni í Ásbyrgi. Var þetta að mörgu leyti erfitt móti, þar sem erfitt var að fá fólk í samstarf og sjálfboðavinnu meðan á mótinu stóð. Bílastæðamál voru í miklum ólestri. Töluvert var um að börn væru fengin til að mæla tíma og vegalengdir í greinum, sem varð til þess að bjóða hættunni heim í því að, reynt var að svindla til að ota sínu liði fram. Þetta er algjörlega óásættanlegt.

Það setti einnig stóran svartann blett á mótið, áberandi og vægt til orða tekið, óíþróttamannsleg hegðun og framkoma þjálfara og keppenda frá einu féluginu, sem lítið sem ekkert var gert við. Ljóst er að taka þarf hart á mörgu þarna á næstu árum ef þetta fjölskyldu- og íþróttamót á að halda velli. Það er gömul og sterk hefð að halda þetta móti, í samstarfi við fólkið af svæðinu, og byggist algjörlega á því að fólk gefi sína vinnu og hjálpið að, til þess að þarna skapist stemning og gott andrúmsloft. En það hefur því miður verið að dala undanfarið. Ef þessi þróun fær að dafna er það klárt mál, að foreldrar fara að hætta að koma með börn sín þangað.

29. nóvember: Afmælisfagnaður. Haldið var upp á 100 ára afmæli Leifs heppna og um leið 50 ára afmæli félagsheimilisins Skúlagarðs. Fjöldi gesta kom og naut góðra veitinga. Farið var í leiki með börnin úti á meðan þeir fullorðnu hlustuðu á hátíðarræður. Veislustjóri var Sigurður Tryggvason í Lundi. Hátíðin tókst afbragðsvel í alla staði. Í tilefni af afmælinu var keyptur hátíðarfáni með merki Leifs heppna. Í tilefni af deginum færði sveitarfélagið Norðurþing ungmennaféluginu gjafabréf að upphæð 150.000 kr.

Stjórн Leifs heppna:

Ágústa Ágústsdóttir, formaður

Aðalsteinn Snæþórsson, gjaldkeri

Þorsteinn Hymer, ritari.

Mývatn 05.03.2010

## Starfskýrsla fyrir árið 2009

Árið 2009 var alveg ágætis starfsár hjá Þjálfa, mikil gróska er í hestamennsku á svæðinu og þá sérstaklega hjá yngri iðkendum.

Nokkur mótt voru að venju haldin á árinu, fyrst ber að nefna Mývatn Open sem að venju var fjölsótt og tókst vel til í alla staði, ísinn góður og veður ágætt.

Síðan var hið árlega Einarssstaðamót haldið í ágúst og var mæting góð, bæði keppenda sem og áhorfenda og fóru menn ánægðir heim að móti loknu.

Síðast en ekki síst var haldin firmakeppni og lukkaðist hún vel í góðu veðri.

Hápunktur ársins var þó í nóvember, en þá stofnaði hestamannafélið, æskulýðsdeild til að efla og halda utan um æskulýðsstarfið, því eins og menn vita er það mikilvægasta starf allra félaga að hlúa að æskunni. Á stofnfundi deildarinnar var kosin stjórn hennar og hana skipa :

Gunnar Óli Hákonarson formaður- [gunnaroli@vidbot.is](mailto:gunnaroli@vidbot.is)

Halldóra Kristín Bjarnadóttir ritari- [dorakb@hotmail.com](mailto:dorakb@hotmail.com)

Úlfar Vilhjálmsson- [53ulfar@gmail.com](mailto:53ulfar@gmail.com)

Ásta Gísladóttir- [asta@magnavik.is](mailto:asta@magnavik.is)

Bryndís Ívarsdóttir gjaldkeri- [stadarholl@simnet.is](mailto:stadarholl@simnet.is)

Deildin hefur farið geysilega vel af stað og verið haldin reiðnámskeið, fræðsludagar/erindi, opnir dagar í reiðhöllinni í Torfunesi fyrir krakkana, ar sem þau koma saman og njóta samvistanna hvert við annað sem og við hrossin.

Eins og sjá má er býsna líflegt starf innan hestamannafélagsins og horfum við björtum augum til framtíðarinnar.

F.h. Þjálfa

Árný Hulda Sæmundardóttir

Formaður

# Árskýrsla Umf.Eflingar 2009

Stjórn Eflingar skipa: Þóra Fríður Björnsdóttir formaður  
Baldur Danielsson ritari  
Marsibil Benjamínsdóttir gjaldkeri

Starfsemi Eflingar árið 2009 var blómleg að vanda.

Leikæfingar fyrir "Kvennaskólaævintýrið" eftir Böðvar Guðmundsson fóru aftur í fullan gang í janúar eftir jólafrí.

Porrablót var haldið 31. janúar þar sem um 200 manns mættu og skemmtu sér vel. Formaður porrablótsnefndar var Friðrika Björk Illugadóttir. Hljómsveitin SOS hélt uppi fjöri langt fram á nótt.

"Kvennaskólaævintýrið" í leikstjórn Arnórs Benónýssonar var frumsýnt 14. mars, um 30 manns tóku þátt í uppfærslunni. Sýndar voru 13 sýningar og fékk sýningin mjög góða dóma. Eflingu bárust ómetanlegar gjafir á árinu þegar stjórn leikfélagsins Búkollu kom færandi hendi. Það voru m.a. ljósatölva, dimmerrekki, kastarar, búningar og peningagjöf. Stjórn Eflingar færir öllum Búkollufélögum hjartans þakkar fyrir þessar glæsilegu gjafir sem hafa svo sannarlega komið sér vel.

Samstarf Eflingar og Kvenfélags Reykdæla hefur verið fastur liður í kringum leikstarfsemi Eflingar undanfarin ár. Kvenfélagskonur hafa selt veitingar fyrir leiksýningar og í hléum. Stjórn Eflingar færir kvenfélagskonum bestu þakkar fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Í lok mars fengum við Sigurbjörn Árna Arngrímsson með fyrirlestur fyrir almenning "Hreyfing fyrir heilsu" Einnig var fyrirlestur í grunnskólanum og framhaldsskólanum. Kona Sigurbjörns Gunnhildur Hinrikasdóttir leiðbeindi fólk með stafgöngu og notkun þrektækja í þreksal.

Héraðsmót innanhúss var haldið á Húsavík í apríl og Efling varð þar í 3. sæti.

Efling stendur fyrir íþróttæfingum yfir vetrartímann í íþróttahúsini á Laugum fyrir nemendur Litlulaugaskóla, í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Nemendur íþróttabrautar undir leiðsögn íþróttakennara framhaldsskólans sjá um æfingarnar. Færi ég framhaldsskólanum bestu þakkar fyrir gott samstarf.

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. apríl, þar sem m.a. var skipað í nefndir félagsins. Í maí fóru 4 fulltrúar Eflingar á ársþing HSP á Þórshöfn.

Í lok maí sá umhverfisnefnd um að skipuleggja ruslahreinsun, tæplega 40 manns mættu og týndu rusl frá merkjum sunnan við Másvatn að Hólkoti, Fljótsheiði frá Einarstaðaskála að gryfjum, og svo einnig Austurhlíðarveg. Á eftir var öllum boðið í grillade pylsur og gos á Breiðumýri.

1. júní skrifaði stjórn undir samning við Hörð Þór Benónýsson og Jaan Alavere um að hefjast handa við að semja nýjan söngleik fyrir leikdeild Eflingar og einnig var samið við Arnór Benónýsson leikstjóra.

Fyrsta vika í júní var heilsuvika hjá Þingeyjarsveit. Efling tók að sér að skipuleggja leiki á íþróttavellinum á Laugum eitt kvöld í þeiri viku. Þar mættu börn og fullorðnir og léku og skemmtu sér saman undir stjórn Gunnars Sigfussonar.

Leikjanámskeið var haldið í júní fyrir 5-11 ára börn, umsjón hafði Andri Hnikarr Jónsson íþróttakennari og gekk námskeiðið mjög vel.

Efling stóð ekki fyrir íþróttæfingum síðast liðið sumar. Frjálsíþróttabörn mættu á æfingar hjá HSP en knattspyrna var æfð með Umf. Geisla í Aðaldal eins og árið 2008. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel og börnin ánægð.

Þjóðhátiðardagurinn 17. júní var haldinn hátiðlegur undir stjórn þjóðhátiðarnefndar, formaður nefndarinnar var Hlynur Snæbjörnsson, Sr. Þorgrímur Danielsson flutti hátiðarræðu, fjallkona var Arna Kristín Sigfusdóttir, Gunnar Sigfusson sá um leiki. Vegna rigningar voru hátiðarhöld

flutt inn í íþróttahús. Nefndin sá um að grilla pylsur ofan í mannskapinn. Síðan var kvíkmyndasýning í Þróttó fyrir yngstu kynslóðina.

Leikæfingar hófust í október á nýju leikverki sem hefur fengið nafnið Ólafía eftir Hörð Þór Benónýsson. Jaan Alavere samdi 17 lög fyrir verkið, en hann var jafnframt hljómsveitarstjóri. Á þriðja tug leikara tóku þátt í uppfærslunni, auk 5 manna hljómsveitar. Leikstjóri var Arnór Benónýsson.

Árlegt fréttabréf var gefið út í desember.

Hin árlega jólavist Eflingar var haldin milli jóla og nýárs á Breiðumýri. Spilað var á 10 borðum. Boðið var upp á léttar veitingar í hléi. Stigahæstu einstaklingarnir voru Ragna Þórisdóttir og Sighvatur Árnason og fengu þau spilið Kollgátuna í verðlaun.

Að lokum vil ég færa Eflingarfélögum bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Meðstjórnendum mínum þakka ég gott samstarf.

Fyrir hönd Umf. Eflingar  
Þóra Fríður Björnsdóttir, formaður.

Liðið ár var að flestu leyti líkt og undangengin ár. Stjórnin hittist ekki oft formlega, en notaði símann þegar á þurfti að halda. Sama fólk var í hverri nefnd eins og árið áður, þá var breytt til og skipaðar nefndir til tveggja ára, en ekki eins árs eins og áður var. Verður hér hlaupið á því helsta í starfi nefnda og stjórnar. Vallarnefnd hefur það starf að sjá um áburðardreifingu og slátt á báðum völlunum einnig framan við vallarhúsið auk þess að viðhalda fótboltamörkum og stökkgryfju. Húsnefnd á að fylgjast með að viðhald á Vallarhúsini að utan sem innan sé í lagi. Rafmagns tenglar voru settir utan á húsið sl. sumar fyrir hjólhýsi og fleira. Svo liggur fyrir að sinna endurbótum á áhaldageymslu. Frjálsíþróttanefnd sá um allt sem við kom frjálsum íþróttum, og réði þjálfara sem var Hafdí Sigurðardóttir eins og undanfarin sumur. Voru æfingar og leikir einu sinni í viku. Knattspyrnunefnd hafði með fótboltann að gera og æfingar voru tvisvar í viku sl. sumar og hafði nefndarfólk yfirumsjón með þeim. Íþróttanefnd hafði á sinni könnu íþróttastarf sem fram fór yfir vetrartímann og þá innanhúss. Má þar nefna krakkablak ásamt fullorðinsleikfimi sem Olga íþróttakennari sá um, einnig var æfður körfubolti í Stórutjarnaskóla en Svavar Ingvarsson úr Laugaskóla sá um þær. Þess verður að geta að þessar æfingar bæði vetur og sumar voru fyrir fleiri en Bjarmafólk sérstaklega sem stundaðar voru á veturna í íþróttasal skólans. Aðeins er um að Bjarmafólk hafi farið til Akureyrar í blak eða aðra líkamsrækt. Ferðaþjónustunefnd sá um að sinna flestu sem við kemur ferðaþjónustuþætti ungmannafélagsins, vallarsvæðið hefur verið leigt út um helgar á sumrin fyrir ættarmót eða álíka hópa. Ballnefnd sá um árlegt Bjarmaball sem var haldið í nóvember á Draflastöðum í hlöðu sem hefur verið útbúin til mannamóta. Var dúnrandi stemming á ballinu og góð mæting. Spilanefndin náði ekki að koma á spilavöldum en nóg annað var í boði á svæðinu. Nú eru allar nefndir upptaldar og stóðu þær sig vel, og dreifðist starf félagsins því vel á félagana. Reynt var að koma félagsmálanámskeiði á í samvinnu við kvenfélagið í mars, en vegna mistaka eða misskilnings varð ekki af því og bíður betri tíma. Sérstakur vinnudagur var 25.júní húsið og vellirnir undirbúnir fyrir sumarið, einnig voru settar plötur á útipallinn. Á landsmótið á Akureyri fóru nokkrir keppendur frá Bjarma sem kepptu fyrir H.S.P. Árangur var allgóður sérstaklega hjá Hafdísi. Okkur þótti H.S.P. ekki standa sig í undirbúningi mótsins en vonandi stendur það til bóta fyrir það næsta. Í stjórn Bjarma voru Helen Jónsdóttir ritari, Jón P. Óskarsson gjaldkeri og Arnór Erlingsson formaður.

Með kveðju Arnór Erlingsson Bjarma.

## Ársskýrsla U.M.F.E. 2009

Starfsárið 2009 var nokkuð rólegt og tíðindalaust. Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. 17.júní samkoma var haldin í Einingar skógarreitnum í Halldórsstaðarskógi. Eins var hafist handa að nýju að laga reitinn og verður þeirri vinnu haldið áfram í sumar. Einingin tók að sér að merkja gönguleiðir að Aldeyjarfossi að austanverður sem og að setja upp upplýsingaskilti og laga og færa bílleið að svæðinu í samvinnu við marg aðila.

Leikja og íþróttæfingar voru á Einingarvellinum s.l. sumar og var reynt að hafa þær að morgni til sem gaf ekki góða raun. Æfingarnar voru hugsaðar fyrir yngri hóp barna þar sem flestir þeir sem stunda frjálsaríþróttir sækja æfingar til Lauga eða Húsavíkur. Fótbolti var spilaður einu sinni í viku í sumar og var þátttaka góð að vanda. Einingarmeðlimir ásamt nokkrum öðrum spiluðu fótbolta einu sinni í viku s.l. vetur í íþróttihúsinu á Laugum. Eins tóku nokkrir krakkar þátt í krakkablaki á Stórutjörnum ásamt fleiri íþróttum. Ásgrímur Sigurðsson vann hvatningabikar ÍF ársins 2009 en hann æfir og keppir í boccia á Húsavík. Krakkar frá Einingunni mættu á flest H.S.Þ móti á árinu og stóðu sig ágætlega. Eins og undansfarin ár stóð Þorsteinn Ingvarsson sig með afburðum vel á mótum á Íslandi sem og erlendis.

F.h. U.M.F.E.  
Sigurlína Tryggvadóttir

## Mývetningur, íþrótt og ungmenafélag Árskýrsla 2009.

Á aðalfundi félagsins sem var haldinn í Skjólbrekku í byrjun Mars urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Þórdís Jónsdóttir og Eyrún Björnsdóttir gengu úr stjón.

Ný stjórn var kosin og hana skipuðu eftirfarandi:

Lárus Björnsson formaður

Kolbrún Ívarsdóttir Gjaldkeri

Auður jónsdóttir Ritari

Jón Elvar Steindórsson Meðstjórnandi

Halldór Árnason meðstjórnandi

Þó nokkrir fundir voru haldnir á árinu og þó nokkur mál voru afgreidd í gegnum síma. Starfið á árinu var með nokkuð hefðbundnu sniði og undanfarin ár.

Öflugt starf var á skíðasvæðinu undir handleiðslu Þorvaldar Þorsteinssonar sem hefur séð um skíðaþjálfun í þó nokkur ár. Alls voru 27 börn sem stunduðu skíðaæfingar þennan veturninn. Keppendu frá Mývetningi tóku að venju þátt í mörgum móturnum vetrarins víða um land einnig á Andrésar andarleikunum á Akureyri og svo endaði skíðavertíðin hjá okkur á Guffaleikunum sem er innanfélagsmót og haldið í lok skíðavertíðar ár hvert og voru þetta tíundu Guffaleikarnir.

Um fótbaltaþjálfun sáu þeir Ottó Páll Arnarson og Baldvin þór Jóhannesson. Um 40 börn æfðu fótbalta í tveimur flokkum. Keppt var á ýmsum móturnum hér norðanlands m.a. Goðamóti á Akureyri og Nikulásarmóti á Ólafsfirði einnig á herðaðsmótum. Í vor hætti Baldvin þjáfun og við tók Daníel Baldwinsson við þjáfun yngri flokksins. Í haust tók svo Jón Elvar við allri fótbaltaþjálfun.

Félagið bauð svo uppá sundkennslu um vorið en um hana sáu þau Hákon Fannar Ellertsson og Soffia Kristín Björnsdóttir en þau eru bæði nemar við íþrótt kennaraskólann að Laugarvatni. Nokkur börn stunduðu frjálsar íþróttir á árinu og sóttu æfingar hjá HSB á Laugum og svo var Soffia Krístín með æfingar hér um sumarið. Keppt var á nokkrum móturnum bæði innan og utan héraðs.

Nokkrir stunduðu glímu á árinu og tóku þátt í móturnum sem haldin voru víða um land og tóku meðal annars þátt í heimsmeistaramóti í glímu sem haldið var Hótel Geysi í Haukadal.

Þó nokkrir keppendur frá okkur fóru á Landsmótin sem að þessu sinni voru á Akureyri og unglingslandsmótið var á Sauðárkróki.

Félagar úr Mývetningi unnu að venju við Orkugönguna og einnig við Mývatnsmarabonið. Á þessu ári varð félagið 100 ára gamalt og var í tilefni þess farið í að láta útbúa fána með merki félagsins. Útbúinn var hátíðarfáni og borðfánar með hátíðarmerki félagsins en einnig voru útbúnir fánar sem notaðir eru á íþrótt móturnum þ.e. appelsínu gulir með logoi félagsins. Var þetta löngu tímabært framtak. Ætlunin var að halda uppá afmæli félagsins en það hefur enn ekki tekist því miður. Sem fyrr vinnur Steinþór Þráinsson að ritun sögu félagsins.

Fjárlun var með hefðbundnu sniði og voru haldin jóla og páskabingó.

Eins og undanfarin ár snýst starf félagsins að mestum hluta um íþróttaiðkun barna og unglings er það vel þar sem íþróttaiðkun barna er einhver sú besta forvörn sem völ er á og mikilvægt er að foreldrar séu tilbúnir að styðja börn sí við íþrótt iðkun og fylgja börnum sínum á móti og aðrar uppákomur tengt íþróttastarfini.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólk mínu í stjórn undanfarin á fyrir gott samstarf og félagsmónum fyrir þeirra störf.

## Árskýrsla 2009

Árið 2009 var mjög gott. Fjögur mótt voru haldin á árinu.

Sparisjóðsmót, 12 keppendur mættu þar til leiks. Norðurlandsmeistaramót og mættu þar einnig 12 keppendur m.a. frá Akureyri og Blönduósi. Svo héldum við Hlaðmót, þar mættu 13 keppendur og að móti loknu var haldin árshátíð félagsins. Einnig voru okkar menn duglegir að sækja keppnir annarsstaðar á landinu. Það fóru 4 keppnismenn frá okkur á Landsmót UMFÍ sem haldið var á Akureyri og þar eignuðumst við landsmótsmeistara í sporting.

Uppbygging okkar á félagsaðstöðu okkar var líka mikil í sumar þar sem komið m.a. var lagfæring á bílaplönum félagsins, rafmagni komið á félagsaðstöðuna, lagað til í kringum riffilshúsið og þakið málað, viðvörunarskilti sett upp við félagssvæðið. Svæðið var tekið út af lögreglu og fékk það góða umsögn af hálfu lögreglunar. Einnig voru sett upp ný skotmörk á rifflsvæðið og völlur lengdur uppi 280 metra. Félagsaðstaðan var einnig tekin í gegn, settur upp byssurekki, barborð og innréttningar. Einnig fengum við góða styrki í sumar s.s. gasgrill frá Húsasmiðjunni og peningastyrki frá bæði Sparisjóðnum og Gentle Giants. Svo styrkti Hlað okkur um skot og þökkum við þessum aðilum vel fyrir.

Er það álit stjórnar að mjög góð aðsókn hafi verið að völlum félagsins í sumar, mikið hafi verið framkvæmt og vel að þeim staðið og er það von stjórnar að svo verði líka í ár.

## Starfsskýrsla Hestamannafélagsins Grana 2009

Hestamannafélagið Grani tók þátt í og stóð að nokkrum viðburðum á árinu 2009.

Fyrst ber þar að nefna reiðnámskeið fyrir börn og unglings í samvinnu við Hestamiðstöðina í Saltvík. Námskeiðin voru vel sótt og skipta þátttakendur þar tugum sem aftur gefur tilefni til bjartsýni hvað varðar nýliðun í hestaíþróttum á starfssvæði Grana. Rétt er þó að taka fram að í einhverjum tilfellum hafa einstaklingar tekið þátt sem tilheyra starfsvæði Þjálfa og þátttaka þeirra því verið niðurgreidd af Grana. Sú ákvörðun var tekin af stjórn Grana og forsvarsmönnum Saltvíkur að aðhafast ekki vegna þessa þar sem það þótti ekki samrýmast ungmannafélagsandanum sem við vildum að einkenndi þessi námskeið. Samskonar námskeið eru nú í gangi og áfram eru þau vel sótt af börnum og unglungum á félagssvæðinu. Fulltrúar félagsins fóru svo á Sauðárkrók til þess að taka þátt í samkomunni Æskan og Hesturinn þar sem þau stóðu sig með prýði. Þeim fylgdu ásamt foreldrum starfsmenn Hestamiðstöðvarinnar í Saltvík. Svona ferð með börn er alltaf fyrirhafnar söm en þegar við bætist hestur á hvern þátttakenda verður dæmið enn stærra. Allt gekk þetta vel og stóðu allir sig með sóma. Grani kann öllum þeim sem lögðu hönd á plöginn bestu þakkir.

Grani hélt sitt árlega firmamót á vordögum. Þátttaka var ágæt og stemning að venju góð. Nokkur þátttaka var í barnaflokki en þó ekki eins góð og árið áður en þá náði hún hámarki.

Grani stóð að félagsmóti í Ásbyrgi ásamt hestamannafélaginu Feyki. Mótið lukkaðist mjög vel og var þátttaka góð. Sérstakt ánægju efni var hve mörg börn mættu til leiks og voru vel ríðandi. Skemmtileg kvöldvaka var svo haldin þar sem ungir sem aldnir reyndu með sér í óvenjulegum þrautum sem þurfti að leysa með hesti sínum. Veður var með eindæmum gott.

Félagsnefnd Grana stóð fyrir reglulegum samkomum og reiðtúrum yfir sumartímann. Þar var sérstaklega haft að leiðarljósi að reiðtúrarneir væru fjölskylduvænir hvað varðar tímasetningar og lengd. Síðasta samkoma sumarsins kallast Fákagleði en þar taka við að loknum reiðtúr kappleikir fyrir alla fjölskylduna svo sem stígvélakast og stólaleikur þar sem menn ríða kringum stólana. Það er mat félagsmanna að þetta kerfi hafi komið vel út og sé til þess fallið að efla félagsandann.

Ísmót Grana var haldið á Kalbakstjörninni á útmánuðum. Þátttaka var góð bæði í barna og fullorðins flokki enda veður og aðstæður allar hinár ákjósanlegustu.

Grani stóð að viðgerðum reiðvegar frá Kvíslinni og uppá Hvammsheiði. Var þetta gert fyrir styrk frá reiðvegasjóði LH sem tókst að halda í þrátt fyrir mikinn niðurskurð sjóðsins. Verkinu er lokið og kostaði tæpa miljón.

Í vinnslu er einnig lagfæring á reiðveigi í landi Saltvíkur sem er hugsuð til að auka öryggi þeirra barna og unglings sem sækja reiðnámskeið á vegum félagsins.

Mikil vinna hefur verið vegna fyrirhugaðrar byggingu reiðhallar í landi Saltvíkur en ekki verður gert frekari grein fyrir þeirri vinnu hér.

Að lokum má til gamans geta þess hér, þó það tilheyri árinu 2010, að Grani útnefndi Maríu Mörtu Bjarkadóttur hestaíþróttu mann ársins í flokki unglings fyrir val Kiwanis til Íþróttamanns Húsavíkur. En sama dag og Kiwanis menn veittu viðurkennungarnar gerði María Marta sér lítið fyrir og vann Ísmót Grana í flokki fullorðinna og undirstrikaði þar með þær framfarir sem lágu til grundvallar tilnefningunni.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Grana

---

Þorgrímur Sigmundsson, formaður

## **Hestamannafélagið Feykir 2009**

### **Starfsemi á árinu**

1. Aðalfundur Hestamannafélagsins Feykis var haldinn í Lundi Öxarfirði föstudaginn 24. apríl 2009.
2. Ísmót Feykis var laugardaginn 28. mars 2009 á Skjálftavatni í Kelduhverfi
3. Hestamannamót Feykis og Grana var haldið laugardaginn 27. júní 2009 á félagssvæði Feykis í Eyjadal við Ásbyrgi
4. Í vikunni þar á undan var reiðnámskeið, einkum hugsað fyrir börn, unglings og byrjendur.
5. Hestamannafélagið Feykir stóð fyrir reiðtúr helgina 15. til 16. ágúst 2009

### **Stjórn Feykis**

Maríus Snær Halldórsson, formaður, kt. 241184-3239  
Sigtúni  
671 Kópasker

Elísabet Gunnarsdóttir, ritari, kt. 160579-5369  
Tryggvi Hrafn Sigurðsson, gjaldkeri, kt. 260581-5629

### **Félagssvæði Feykis og félagar**

## Sundárið 2009.

Á árinu er sundstarfið búið að vera með hefðbundnu sniði.

Farið var á nokkur mótt og héldum við tvö.

Sundmót KR í febrúar.

Páskamót á Húsavík 4mars.

Hvammstangamót 16-17 maí.

17 Júní-mót á Húsavík og var uppskeruhátíð haldin eftir mótið.

Unglingalandsmót UMFI á Suðárkróki 31 júlí – 2 ágúst.

Sprengimót Óðins í september.

Desembermót Óðins á Akureyri 5 desember.

Samhlíða héraðsmót í sundi 13 október héldum við æfingabúðir á Laugum, börnin mættu seinnipartinn á föstudeginum og var æft stíft fram að héraðsmóti sem fór fram eftir hádegi á laugardeginum. Keppendur komu frá Völsungi, Bjarma, Einingu, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi, og stigahæstur í karlaflokkum var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending og pizzuveisla fór fram eftir mótið á Laugum. Í nokkur ár höfum við haft æfingabúðir á Laugum og fengið gistiaðstöðu og mat keyptan hjá Framhaldskólanum og viljum við þakka fyrir frábæra og góða þjónustu þar.

Sundmaður Völsungs var valin Ásgerður Ólöf Ásgeirs dóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP.

Við heldum áfram að bjóða upp á æfingar á Laugum tvisvar í viku og einu sinni á Stórutjörnum og sér Björgvin Vigfússon um æfingarnar þar og æfa 20 börn frá félögunum, Bjarma, Einingu, Eflingu og Geisla, og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík er Guðrún Einarsdóttir íþróttakennari. Á Húsavík æfa um 22 börn.

Í nóvember kom saman hópur foreldra sem hefur áhuga á að setja aftur af stað söfnun til byggingar á nýju 25m. löngu sundlaugarkari við sundlaugina okkar, Við teljum brýnt að koma þessu verkefni í framkvæmd, ekki aðeins fyrir sundbörnin heldur alla bæjarbúa og teljum við okkur finna fyrir miklum áhuga og stuðningi við þessa hugmynd sem lengi hefur verið á framtíðaráætlun hér í bænum. Stefnum við á að byrja á þessu verkefni eftir áramótin með áheitasundi og treystum á samhug og stuðning bæjarbúa í þessu þarfa verkefni til uppbyggingar sundíþróttarinnar hér í bænum.

Að lokum viljum við há sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundráðs HSþ

Elísabet Sigurðardóttir.

## FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR

Um síðustu áramót var frjálsíþróttadeild Völsungs lögð niður og nýtt félag, Frjálsíþróttafélag HSP, yfirtók starfsemina. Þar með var öll frjálsíþróttaiðkun á félagssvæði HSP komin undir einn hatt.

Þetta ár var frjálsíþróttakrökkum HSP gott. Æfingar fóru fram bæði á Húsavík og á Laugum og voru krakkarnir duglegir að mæta á æfingar og mjög áhugasamir. Hins vegar mætti þeim fjölgja og eru nýir iðkendur ávallt velkomnir.

Hin ýmsu mótt voru sótt t.d. Stórmót ÍR í Laugardalshöll, Meistaramót Íslands í ýmsum flokkum bæði úti og inni, Unglingalandsmót og Landsmót UMFÍ. Einnig stóð Frjálsíþróttafélag HSP fyrir nokkrum mótmum: Í apríl og nóvember voru haldin Héraðsmót innanhúss í Íþróttahöllinni á Húsavík. Æfingamót var haldið í maí, Sumarleikar í júní og Héraðsmót fullorðinna og Ágústmót HSP í ágúst, á Laugavelli. Frjálsíþróttakrakkar HSP stóðu sig mjög vel á þessum mótmum, bættu sinn árangur, komu heim með fjölda verðlaunapeninga og jafnvel nokkra Íslandsmeistaratitla.

Fjáraflanir hafa gengið vel. Jólapappír var seldur og eitt Bingó haldið. Einnig hafa undanfarin ár verið sérprentuð dagatöl með ljósmyndum úr frjálsíþróttastarfínu og er dagatal fyrir árið 2010 í vinnslu núna. Verður það borið í hús um leið og það kemur úr prentun. Félagið sá svo um Frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Laugum. Tæplega 20 krakkar tóku þátt og lærðu t.d. fyrstu tökin í stangarstökki hjá Þóreyju Eddu Elísdóttur, nýjar styrktaræfingar og tækniæfingar hjá Valgerði Jónsdóttur og fóru í ýmsa leiki bæði úti og inni með Hnikarri. Það voru þreyttir og glaðir krakkar sem fóru heim að skólanum loknum.

Uppskeruhátið var haldin á Laugum í byrjun september. Verðlaunaafhending vegna móttanna í ágúst fór fram, hamborgarar grillaðir, leikið og spjallað í fallegu en ísköldu veðri.

Takk fyrir gott samstarf á árinu, frjálsíþróttakrakkar og fjölskyldur.

Stjórn Frjálsíþróttafélags HSP

# Ársskýrsla knattspyrnuráðs 2009

## Úrslit sumarið 2009

### Héraðsmót 12 ára og yngri

1. Sæti Völsungur a
2. --- Magni
3. --- Mývetningur a
4. --- Völsungur b
5. --- Geisli/Efling
6. --- Mývetningur b

### Bikarmót 12 ára og yngri

1. sæti Magni a
2. --- Völsungur a
3. --- Magni b
4. --- Völsungur b
5. --- Völsungur c
6. --- Mývetningur b
7. --- Mývetningur a
8. --- Geisli/Efling

### Héraðsmót 13 – 16 ára

- 1.sæti Geisli/Efling a
2. --- Magni
3. --- Geisli/Efling b
4. --- Völsungur

### Bikarmót 13 – 16 ára

1. Sæti Magni
2. --- Geisli/Efling a
3. --- Geisli/Efling b

f.h. knattspyrnuráðs  
Árni G Helgason

1970  
1971  
1972  
1973  
1974  
1975  
1976  
1977  
1978  
1979  
1980  
1981  
1982  
1983  
1984  
1985  
1986  
1987  
1988  
1989  
1990  
1991  
1992  
1993  
1994  
1995  
1996  
1997  
1998  
1999  
2000  
2001  
2002  
2003  
2004  
2005  
2006  
2007  
2008  
2009  
2010  
2011  
2012  
2013  
2014  
2015  
2016  
2017  
2018  
2019  
2020  
2021  
2022  
2023  
2024  
2025  
2026  
2027  
2028  
2029  
2030  
2031  
2032  
2033  
2034  
2035  
2036  
2037  
2038  
2039  
2040  
2041  
2042  
2043  
2044  
2045  
2046  
2047  
2048  
2049  
2050  
2051  
2052  
2053  
2054  
2055  
2056  
2057  
2058  
2059  
2060  
2061  
2062  
2063  
2064  
2065  
2066  
2067  
2068  
2069  
2070  
2071  
2072  
2073  
2074  
2075  
2076  
2077  
2078  
2079  
2080  
2081  
2082  
2083  
2084  
2085  
2086  
2087  
2088  
2089  
2090  
2091  
2092  
2093  
2094  
2095  
2096  
2097  
2098  
2099  
20100